

10333 Iron Terminator

Dagsetning útgáfu: 09.05.2020

Dagsetning endurskoðunar:

Blaðsíða 1 af 7

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1. Vörukenni

Vöruheiti: **10333 Iron Terminator**

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Viðeigandi notkun: Felguhreinsir

Notkun sem ráðið er frá: Engar upplýsingar fyrirbyggjandi

1.3. Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

Nowy Samochód S.A.
ul. Zbyszka Cybulskiego 3,
00-725 Warszawa, Polska
+48 602-444-356
info@soft99.pl

1.4. Neyðarsímanúmer

Neyðarlínan: Sími 112.

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP)

Acute Tox. 4

H302 Hættulegt við inntöku.

Skin Sens. 1

H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.

2.2. Merkingaratriði

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Viðvörðunorð

VARÚÐ

Hættumerki



Hættuleg innihaldsefni

Ammonium mercaptoacetate

Hættusetningar

H302 Hættulegt við inntöku.

H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.

Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til.

P301+P312

EFTIR INNTÖKU: Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.

P330

Skolið munninn.

10333 Iron Terminator

Dagsetning útgáfu: 09.05.2020

Dagsetning endurskoðunar:

Blaðsíða 2 af 7

P302+P352 BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með mikilli sápu og vatni
P333+P313 Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið lækni.
P501 Fargið innihaldi/íláti í viðeigandi, merktar sorptunnur í samræmi við innlendar reglugerðir.

Aðrir hlutar merkimiða

--

2.3. Aðrar hættur

Innihaldsefni vörunnar falla ekki undir skilyrði PBT eða vPvB í samræmi við 13. viðauka REACH reglugerðarinnar.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.2. Blöndur

Efnisþættir	Vörुकenni	CLP-flokkun	Þyngd%
Ammonium mercaptoacetate	Index: -- CAS: 5421-46-5 EC: 226-540-9 REACH: --	Met. Corr. 1 Acute Tox. 3 Skin Sens. 1	H290 H301 H317 10 - 20
2,2'-Imínódietanól	Index: 603-071-00-1 CAS: 111-42-2 EC: 203-868-0 REACH: --	Acute Tox. 4 STOT RE 2 Skin Irrit. 2 Eye Dam. 1	H302 H373 H315 H318 < 1

Allur texti H- og EUH-setninga: sjá hluta 16

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir snertingu við húð

Eftir snertingu við húð: fjarlægja mengaðan fatnað, þvo húðina nákvæmlega með vatni og sápu. Ef að upp koma einkenni sem valda áhyggjum skal hafa samband við lækni.

Eftir snertingu við augu: vernda óáreitta augað, taka augnlinsur úr. Augu sem hafa óhreinast skal skola nákvæmlega með vatni í 10-15 mínútur. Varast að beina sterkri vatnsbunu á augað – hætta á að skemma hornhimnuna.

Ef að efnið er innbyrt: ekki framkalla uppköst. Leita skal tafarlaust læknishjálpar, sýna öryggisblað eða merkimiða vörunnar. Ef að uppköst verða sjálfkrafa skal hindra að þau komist í öndunarveg. Ekki gefa meðvitundarlausum einstakling neitt til inntöku.

Eftir öndunarvegir verða fyrir áreiti: hafa samband við lækni ef einkenni valda áhyggjum.

Fara með slasaða út í ferskt loft, tryggja hita og ró.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Eftir snertingu við húð: mögulegur roði, þurrkun. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.

Eftir snertingu við augu: mögulegur roði, tár.

Eftir inntöku: magaverkur, ógleði, uppköst, niðurgangur

Eftir innöndun: mögulegur höfuðverkur, sundl, syfja

4.3. Upplýsingar um tafarlausu læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Ákvörðun um björgunaraðgerðir skal tekin af lækni eftir nákvæmt mat á ástandi slasaða. Meðhöndla með einkenameðferð.

10333 Iron Terminator

Dagsetning útgáfu: 09.05.2020

Dagsetning endurskoðunar:

Blaðsíða 3 af 7

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1. Slökkvibúnaður

Heppileg slökkviefni: slökkviduft, slökkvifroða (alkohólþolin), CO₂, sandur, vatnsúði.

Óheppileg slökkviefni: vatnsbuna – hætta á dreifingu elds.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Við bruna geta myndast skaðlegar lofttegundir sem innihalda m.a. kolefnisoxíð, brennisteinsoxíð, köfnunarefnisoxíð og önnur óþekkt efni sem brotna niður við varma. Forðist að anda inn brennsluafurðum, það getur stefnt heilsu í hættu.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Almennur öryggisbúnaður ætlaður fyrir eldsvoða. Ekki skal dvelja á svæði með eldhættu án viðeigandi fatnaðar sem þolir kemísk efni og öndunartækis með aðskilið loftstreymi. Ílát sem stafar hætta af eldi skal kæla í öruggri fjarlægð með vatnsúða. Ekki leyfa slökkvivatni að komast í frárennsli.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Takmarka aðgang óviðkomandi að hættusvæðinu þar til viðeigandi hreinsunaraðgerðum hefur verið lokið. Sjá til þess að aðeins þjálfaðir starfsmenn geri við bilunina og sjái um afleiðingar hennar. Ef um mikla losun er að ræða skal einangra hættusvæðið. Forðast að menga húð og augu. Tryggja góða loftræstingu. Forðast að anda inn gufum. Nota viðeigandi persónuhlífar. Ekki ganga yfir vöru sem hefur losnað – hætta á að renna.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ef að mikið magn af blöndunni losnar skal framkvæma aðgerðir sem miða að því að hindra dreifingu í umhverfinu. Tilkynna viðeigandi björgunaraðilum.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Safna með aðstoð ísogsefna (t.d. sandur, mold, alhliða bindandi efni, kisl, vermikúlít, o.þ.h.) og koma fyrir í merktum ílátum. Meðhöndla samansafnað efni eins og úrgang. Skola afganga með miklu vatni með mildu hreinsiefni. Lofta rýmið.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Meðferð úrgangs af vörunni – sjá 13. kafla blaðsins. Persónuhlífar – sjá 8. kafla blaðsins.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Fylgja almennum reglum um öryggi og hreinlæti. Við vinnu skal ekki borða, drekka né reykja tóbak. Forðast að óhreinka augu og húð. Ekki anda inn gufum. Tryggja nægjanlega loftræstingu. Þvo hendur fyrir hlé og að vinnu lokinni. Geyma ónotuð ílát tryggilega lokuð. Verndaðu gegn raka og háum hita.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Geymist aðeins í upprunalegum, tryggilega lokuðum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Geymist ekki saman með matvælum eða dýrafóðri. Eftir opnun ílátsins skal loka því þétt og geyma lóðrétt til að koma í veg fyrir leka. Geymist fjarri beinu sólarljósi og öllu sem getur valdið íkveikju.

7.3. Sértæk, endanleg notkun

Engin önnur notkun en nefnd er í kafla 1.2

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

8.1. Eftirlitsbreytur

Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

10333 Iron Terminator

Dagsetning útgáfu: 09.05.2020

Dagsetning endurskoðunar:

Blaðsíða 4 af 7

Efni	CAS	Fyrir 8 tíma		Þakgildi		Ath.
		ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³	
Ímínódíetanól	111-42-2	0,46	0,05	0,01	0,09	H,O

Viðeigandi tæknilegt eftirlit

Fylgja verklagsreglum um vöktun hættulegra innihaldsefna í loftinu og verklagsreglum um hreinleika lofts á vinnustað – ef þær eru til staðar og eiga rétt á sér á tiltekinni starfsstöð – í samræmi við pólska eða evrópska staðla með tilliti til aðstæðna sem eru ríkjandi á hættusvæðinu og viðeigandi aðferðarfræði mælinga sem aðlöguð er að starfsaðstæðum.

8.2. Váhrifavarnir

Fylgja almennum reglum varðandi öryggi og hreinlæti. Við vinnu skal ekki borða, drekka né reykja tóbak. Forðast að óhreinka húð og augu. Þvo hendur fyrir hlé og að vinnu lokinni. Tryggja næga staðbundna loftræstingu á starfsstöðvum og almenna loftræstingu. Ekki anda inn gufum.

Vernd handa og augna

Nota skal viðeigandi hanska sem þola notkun vörunnar t.d. vínýlhanska. Við stutta snertingu skal nota hlífðarhanska með virkni 2 eða hærra (tími gegnflæðis > 30 mín). Við langvarandi snertingu skal nota hlífðarhanska með virkni 6 (tími gegnflæðis > 480 mín.). Notið hlífðarfatnað.

Við notkun á hlífðarhönskum í snertingu við kemísk efni þarf að hafa í huga að tilgreind uppgefin virkni og samsvarandi tími gegnflæðis tákna ekki raunverulegan hlífðartíma á tilteknum starfsstað þar sem margir þættir hafa áhrif á þessa vernd eins og t.d. hitastig, virkni annarra efna o.þ.h. Mælt er með ef skipta um hanska tafarlaust ef að sýnileg verða hvers kyns merki um slit, skemmdir eða breytingar á útliti (litur, teygjanleiki, lögun). Fara eftir notkunarleiddbeiningum framleiðanda ekki aðeins hvað varðar notkun hanskana en einnig hreinsun þeirra, viðhald og geymslu. Einnig er mikilvægt að taka hanskana af á réttan hátt til að koma í veg fyrir að hendur mengist við það.

Vernd augna

Nota þétt hlífðargleraugu ef hættu er á að menga augu.

Vernd öndunarvega

Við viðeigandi loftræstingu er hún ekki nauðsynleg. Í neyð skal nota viðeigandi frásogs- eða frásogs- og síunarbúnað úr viðeigandi öryggisflokki.

Persónuhlífar sem eru notaðar þurfa að uppfylla skilyrði sett fram í reglugerð 2016/425/ESB. Vinnuveitanda ber að sjá fyrir persónuhlífum sem hæfa framkvæmdum aðgerðum og sem uppfylla allar gæðakröfur, þar með varðandi viðhald og hreinsun þeirra.

Ráðstafanir gegn váhrifum á umhverfi

Forðist að losa í umhverfið, ekki skola í niðurföll. Athuga mögulega losun úr loftræstikerfum og vinnslubúnaði til að meta samræmi þeirra við viðmið umhverfisverndarlaga.

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

Útlit:	Vökvi
Litur:	Litlaus
Lykt:	Einkennandi
Lyktarmörk:	Engin gögn tiltæk.
pH-gildi:	7,5 ± 0,5
Bræðslumark/frostmark:	Engin gögn tiltæk.
Upphafssuðumark og suðumarksbil:	100°C
Blossamark:	Engin gögn tiltæk.
Uppgufunarhraði:	Engin gögn tiltæk.
Eldfimi (fast efni, lofttegund):	á ekki við
Efri/neðri eldfimimörk eða sprengimörk:	Engin gögn tiltæk.
Gufuþrýstingur:	Engin gögn tiltæk.
Eðlismassi gufu:	Engin gögn tiltæk.
Eðlismassi:	1,067 ± 0,02 g/cm ³ (25°C)

10333 Iron Terminator

Dagsetning útgáfu: 09.05.2020

Dagsetning endurskoðunar:

Blaðsíða 5 af 7

Leysni:	Leysanlegt í vatni
Deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn:	Engin gögn tiltæk.
Sjálfsíkveikjuhitastig:	Engin gögn tiltæk.
Niðurbrotshitastig:	Engin gögn tiltæk.
Seigja:	Engin gögn tiltæk.
Sprengifimi:	Engin gögn tiltæk.
Oxunareiginleikar:	á ekki við

9.2. Aðrar upplýsingar

Engin gögn tiltæk.

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgjörn vara. Fjölliðast ekki. Sjá einnig undirkafla 10.3 og 10.5.

10.2. Efnafraðilegur stöðugleiki

Við rétta notkun og geymslu er varan stöðug.

10.3. Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

Engin hættuleg viðbrögð þekkt.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Forðist beint sólarljós, hita- og neistagjafa.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Sterk oxunarefni, sýrur og basar

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Við ráðlagða geymslu og notkun verða ekki til hættuleg niðurbrotsefni.

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

Upplýsingar um bráða- eða seinkuð áhrif útsetningar hafa verið skilgreind á grundvelli upplýsinga um flokkun vörunnar og/eða eiturefnafræðilegra rannsókna og þekkingu og reynslu framleiðanda

2,2'-Imínódíetanól

LD50 (inntaka, rotta) 780 - 12 760mg/kg

LD50 (húð, kanína) 13 000 mg/kg

ATEmix (inntaka) 500 mg/kg

Hættulegt við inntöku.

húðæting/húðerting

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

Alvarlegur augnskaði/augnerting

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

Næming öndunarfæra eða húðnæming

Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.

Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

Krabbameinsvaldandi áhrif

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

Eiturhrif á æxlun

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

ÖRYGGISBLAÐ

Í samræmi við EC-reglugerð 2015/830



10333 Iron Terminator

Dagsetning útgáfu: 09.05.2020

Dagsetning endurskoðunar:

Blaðsíða 6 af 7

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – endurtekin váhrif

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

Ásvelgingarhætta

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

12.1. Eiturhrif

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna eru flokkunarviðmið ekki uppfyllt.

2,2'-Imínódíetanól

LC50/48h 2,15 mg/l (Daphnia magna)

12.2. Þrávirkni og niðurbjótanleiki

Engin gögn tiltæk.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Engin gögn tiltæk.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki innihaldsefna blöndunnar fer eftir vatnssæknum og vatnsfælnum eiginleikum hennar sem og ólífrænum og lífrænum aðstæðum í jarðvegi, þar með talið uppbyggingu hans, loftslagi og lífverum í jarðveginum (aðallega bakteríur, sveppir, þörungar, hryggleysingar).

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum.

Innihaldsefni blöndunnar eru ekki flokkuð sem PBT og vPvB.

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Blandan er ekki flokkuð sem hættuleg fyrir ósonlagið. Huga ætti að á möguleikanum á öðrum hugsanlegum skaðlegum áhrifum einstakra innihaldsefna blöndunnar á umhverfið (t.d. getu til að raska hormónastarfsemi, áhrif á hnattræna hlýnun).

13. LIÐUR: Förgun

13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Meðmæli varðandi blönduna: meðhöndla úrgang í samræmi við gildandi reglur. Afganga skal geyma í upprunalegum umbúðum. Ekki farga í frárennsli. Úrgangskóði skal fundinn út á framleiðslustað.

Meðmæli varðandi notaðar umbúðir: endurnýtingu / endurvinnslu / förgun umbúðaúrgangs skal framkvæma samkvæmt gildandi reglum. Aðeins umbúðir sem hafa verið fyllilega tæmdar mega vera endurunnar.

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

14.1. UN-númer

á ekki við

14.2. Rétt UN-sendingarheiti

á ekki við

14.3. Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga

á ekki við

Flutningsmerkingar

á ekki við

14.4. Þökkunarflokkur

á ekki við

14.5. Umhverfishættur

nei

14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

á ekki við

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn og IBC-kóðanum

á ekki við

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

10333 Iron Terminator

Dagsetning útgáfu: 09.05.2020

Dagsetning endurskoðunar:

Blaðsíða 7 af 7

- Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP) um flokkun, merkingu og umbúðir efna og blanda (með áorðnum breytingum).
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1907/2006 (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Ekkert efnaöryggismat fyrir þetta efni hefur farið fram.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Allar hættu-/áhættusetningar er að finna í liður 3

- H290** Getur verið ætandi fyrir málma.
- H301** Eitrað við inntöku.
- H302** Hættulegt við inntöku.
- H315** Veldur húðertingu.
- H317** Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
- H318** Veldur alvarlegum augnskaða.
- H373** Getur skaðað líffæri (tilgreinið öll líffæri sem verða fyrir áhrifum, ef þau eru kunn) við langvinn eða endurtekin váhrif (tilgreinið váhrifaleið ef sannað hefur verið svo óyggjandi sé að engin önnur váhrifaleið hefur þessa hættu í för með sér).

Skammstafanir og upphafsstafir:

ATE = Matsgildi bráðra eiturrifa

CLP = Reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna [Reglugerð (EB) nr. 1272/2008]

DMEL = Afleidd lágmarksáhrifamörk

DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk

ESB-H setning = Hættusetning sem á við um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP-reglugerð)

PBT = Efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð

PNEC = Áætlaður styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg

RRN = REACH-skráningarnúmer

vPvB = Efni sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli

Athugasemd ætluð lesanda

Blaðið hefur verið útbúið á grundvelli öryggisblaðs framleiðanda, bóklegra upplýsinga, gagnasafna á netinu og þekkingu og reynslu sem búið er yfir, með hliðsjón af núgildandi lagaákvæðum.

Przedsiębiorstwo EKOS s.c.

80-177 Gdańsk, ul. Lubczykowa 5

tel: 58 305 37 46, ekos@ekos.gda.pl

www.ekos.gda.pl